

## Yfirlit yfir framkvæmd markmiða í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2009

Markmið

Ábyrgð<sup>1</sup>

Lok – desember 2009

<b>Grunnskólar</b>		
<b>A. Skólastarf</b>		
<b>a) Traust, öryggi, vellíðan</b>		
Kynna og innleiða ný viðmið um jákvæða sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglinga.	AÁS	Kynningu lokið. Þjónustumiðstöðvar fylgja innleiðingunni eftir.
Taka þátt í samstarfi um fræðslu fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra um samkynhneigð og samfélag (Þriggja ára verkefni sem hófst 2007).	AÁS	Verkefninu lýkur vorið 2010.
Innleiða forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar undir forystu þjónustumiðstöðva. Framhald vinnu sem hófst 2007.	AÁS	Þátttaka í forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar sem hefur umsjón með verkefninu.
Skipa verkefnisstjórn til að fylgja eftir framkvæmdaáætlun um viðbrögð við hegðunarvanda.	AÁS	Verkefnisstjórn hefur skilað niðurstöðum.
Draga saman úr könnunum upplýsingar um líðan nemenda með það fyrir augum að nýta þær til úrbóta.	HBS	Lokið. Birtist í upplýsingum um stöðu skóla í janúar.
Búa til hugmyndabanka á vef sviðsins um verkefni sem stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og góðri líðan nemenda.	AÁS	Ekki hafið.
<b>b) Framfarir, færni, árangur</b>		
Stofna starfshóp um lestrarstefnu borgarinnar og framfylgja tillögum starfshóps um hvernig efla megi málþroska og læsi í grunnskólum.	AÁS	Starfshópur tók til starfa í upphafi árs. Hópurinn hefur fundað reglulega. Starfshópur starfar áfram.
Hvetja skóla til að vinna áfram að þróun kennsluhátta, fjölbreyttu námsmati og auknu samstarfi kennara um árganga og/eða aldurshópa, m.a. í samvinnu við kennsluráðgjafa þjónustumiðstöðva.	AÁS	Kynningar á <i>Brot af því besta</i> á lífsleikni í janúar, <i>Verkefnum sem virka í náttúrufræðikennslu</i> í mars Kynning á vorverkefnum skóla var í apríl. Fjallað um efnið á Öskudagsráðstefnu í febrúar.
Hvetja skóla til að nýta niðurstöður rannsókna á kennsluháttum og aðbúnað í skólastarfi.	AÁS	Var gert á Öskudagsráðstefnu í feb. 09.
<b>c) Virðing og skilningur í fjölbreyttu skólasamfélagi</b>		
Innleiða mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í grunnskólum borgarinnar undir forystu skrifstofu mannréttindamála.	AÁS/VJ	Unnið í samvinnu við mannréttindastjóra og mannréttindaráð.
Stuðla að aukinni jafnréttisfræðslu í skólum samkvæmt tillögum starfshóps. (Verkefni sem hófst 2008 og lýkur vorið 2009).	AÁS	Námskeiði kennara lauk í maí 2009.
Vinna að vitundarvakningu meðal unglinga um afleiðingar ótímabærs kynlífs í samræmi við tillögur ungmennaráðs Vesturbæjar. (Vísu í Vesturgarð).	RP	Unnið hefur verið að vitundarvakningu meðal unglinga í Vesturbæ um afleiðingar ótímabærs kynlífs í samræmi við tillögur frá ungmennaráði Vesturbæjar í samstarfi við Frostaskjól og Hagaskóla. Haldin var svokölluð kynlífsvika í Frostaskjóli með aðkomu Ástráðs - félags læknanema. Einnig var þar skipulagt klúbbstarf með aðkomu ráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar.
<b>d) Frumkvæði, sköpun, þekkingarleit</b>		
Hvetja skóla til að koma til móts við hugmyndir nemenda um aukið sjálfstæði í vinnubrögðum og meiri samvinnu, t.d. í Brot af því besta.	AÁS	Verkefni 10. bekinga voru kynnt í Brot af því besta í apríl sl.

<sup>1</sup> Ragnar Þorsteinsson, Jón Ingi Einarsson, Auður Árný Stefánsdóttir, Iðunn Antonsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sigþór Örn Guðmundsson, Valgerður Janusdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir.

Hvetja skóla til að skapa sér sérsvið varðandi list- og verkgreinar, t.d. með því að kynna á ýmsum vettvangi starf í skólum sem þegar hafa skapað sér sérstöðu.	AÁS/LÓ	Verkefni lokið. Fundur með listgreinakennurum var haldinn í mars '09. Hvatningarverðlaun voru veitt skólum sem hafa skarað fram úr í tónlistarverkefnum.
<b>e) Val, sveigjanleiki, sérstaða</b>		
Hvetja skólana í borginni til samstarfs í því augnamiði að auka samskipti nemenda, t.d. varðandi samstarfsverkefni og félagslíf.	AÁS	Tveggja ára námskeiði Skólastjórnenda um samvinnu og teymisvinnu. Lauk í júní 2009.
Kanna hvernig valgreinar nemenda skiptast á milli bóklegra og verklegra greina, hvaða námsgreinar skólarnir bjóða og hvað nemendur velja.	HBS	Könnun fór af stað í nóvember. Úrvinnslu lýkur í janúar 2010.
Vinna tillögur varðandi kynningu á starfsnámi fyrir börn og unglinga í samráði við Leikskólasvið, framhaldsskóla og hagsmunasamtök.	AÁS	Starfshópur skilaði tillögum í feb. 09. Unnið að útfærslu tillagnanna í fagráðum. Leitað hefur verið eftir samstarfi við Tækniskólann og Fjölbautarskólann í Breiðholti. Í undirbúningi er innleiðing á verkfærakistum í leik- og yngstu bekkjum grunnskóla.
Kanna hvað stýrir vali foreldra sem velja annan skóla en heimaskóla fyrir barn sitt.	HBS	Búið að taka saman fræðilegt yfirlit og safna gögnum. Úrvinnsla í janúar.
Halda áfram þeirri þjónustu sem tungumálaver Laugalækjarskóla býður upp á til að efla móðurmálskennslu barna sem læra íslensku sem annað tungumál. (Þriggja ára verkefni, hófst 2008).	AÁS	Áfram unnið að þróun tungumálaversins í samstarfi við skólann. Farkennarar í Tagalog og pólsku störfuðu á vorönn 2009 og í pólsku á haustönn 2009.
<b>B. Fjármál</b>		
<b>a) Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna</b>		
Auka ráðgjöf samfara auknu innra eftirliti fjármálaþjónustu Menntasviðs.	JIE	Haldnir hafa verið ítarlegir greiningafundir með öllum skólum á tímab. feb til loka mars. Fjölmargir aukafundir vegna fjámála hafa verið haldnir til eftirfylgnar í apr – maí. Farið var yfir allar vinnuskýrslur kennara í ágúst með skólastjórum og starfsm. launadeildar.
Endurskoða og bæta innkaupaferla sem leiða til hagkvæmari innkaupa.	JIE	Á áætlun. Stöðug ráðgjöf í gangi.
Auka ábyrgð stjórnenda í gerð rekstraráætlana í skólum í samvinnu við innkaupaskrifstofu borgarinnar.	JIE	93% af skólunum hafa skilað inn rekstraráætlun fyrir árið.
Koma á fót reglulegum fundum með skólastjórnendum og/eða fjármálastjórum um fjármál skóla.	JIE	Haldnir eru 2 viðamiklir fundir með skólastjórnendum. Í byrjun fjárhagsárs þegar áætlunin liggur fyrir og síðan í ágúst áður en skólaárið hefst. Þessu til viðbótar eru haldnir aukafundir til eftirfylgnar.
Þróa og samræma rekstraruppgjör og skýrslur fyrir stjórnendum Menntasviðs.	JIE	Er í innleiðingu. Fyrir liggja skýrslur sem unnar hafa verið og kynntar fyrir skólastjórunum.
Halda áfram að þróa og samræma úthlutunarlíkan vegna framlaga til sérkennslu.	JIE	Er í gangi.
<b>C. Verklag</b>		
<b>a) Nám við hæfi hvers og eins</b>		
Skoða með skipulögðum hætti hvernig starfshættir og skipulag grunnskóla samræmast hugmyndum um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar (3 ára verkefni sem hófst 2007).	RD/AÁS/ HBS	Fer fram samhliða heildarmati á skólastarfi og með þátttöku í rannsókn MHÍ á starfsháttum í grunnskólum.
Taka þátt í rannsóknarstofu um málþroska og læsi í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.	RD/AÁS/ GEB	Samningur undirritaður haustið 2008. Námskeið og þróunarverkefni í þremur skólum, Langholtsskóla, Hólabrekkuskóla og Seljaskóla, fór af stað haustið 2009. Námskeið fyrir sérkennara í undirbúningi.

Efla sameiginlegan faglegan vettvang Menntasviðs og Leikskólasviðs; Brú. (Verkefni sem hófst 2007).	RP	Búið er að mynda stýrihóp Brúar. Þrír fundir hafa verið haldnir á árinu; um velferð barna vegna efnahagsástands; læsi á öllum skólastigum og skólinn og börn af erlendum uppruna.
Standa fyrir kynningu á tilboðum fyrir bráðger börn á öllum stigum grunnskólans.	AÁS	Verkefni fyrir bráðger börn sem Ad Astra stendur fyrir var kynnt öllum skólum. Málþing verður haldið 14. janúar 2010.
<b>b) Samvinna um uppeldi og menntun</b>		
Auka enn frekar samfellu í skóla- og frístundastarfi barna í samvinnu við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila í samræmi við tillögur starfshóps.	AÁS	Þátttaka í starfshópi á vegum ÍTR. Reglulegir fundir. Starfshópur skilaði skýrslu í apríl 2009.
Hvetja skóla til að nýta grenndarsamfélagið til að auðga skólastarfið og miðla hugmyndum um grenndarsamstarfsverkefni, t.d. í Brot af því besta.	AÁS	Var kynnt í Brot af því besta á haustönn 2009. (Hjólafærni á Íslandi og Fylgst með gæðum vatns).
Halda námskeið í samstarfi við þjónustumiðstöðvar fyrir erlenda foreldra um íslenskt skólakerfi og stoðþjónustu.	AÁS	Haldin voru nokkur námskeið fyrir pólska foreldra barna í Fellaskóla. Verkefnið fékk hvatningarverðlaun Menntasviðs 2009. Stefnt að því að taka þetta upp á fleiri þjónustumiðstöðvum.
Stuðla að áframhaldandi þróun verkefnisins <i>Stoðir í skólastarfi</i> um foreldrasamstarf í samstarfi við þjónustumiðstöð Breiðholts og SAMFOK.	AÁS	Foreldrabæklingur var endurskoðaður miðað við ný lög og reglugerðir. Gefinn út og dreift til foreldra barna í 1. bekk. Bæklingnum verður dreift áfram á hverju ári.
Rýna foreldrakönnun 2008 með tilliti til eftirfylgni.	AÁS	Gert í tengslum við heildarmat á skólum
Hvetja skóla til að vera með opna daga þar sem foreldrar geta kynnst daglegu skólastarfi af eigin raun.	AÁS	Ákveðið að kannað verður í febrúar 2010 hve margir skólar hafa verið með opna daga og hvetja til þess í kjölfarið.
Efla nemendalýðræði í skólum í samstarfi við ÍTR og þjónustumiðstöðvar og nýta niðurstöður verkefnis úr Vesturgarði og reynslu skólanna í hverfinu. (Verkefnið hófst 2008).	RP	Ungmennaráð Vesturbæjar tók þátt í umhverfisþingi að tilstuðlan Umhverfisráðherra og formanns Æskulýðsráðs. Ungmennaráðið tók þátt í og var mjög áberandi í sérstakri málstofu ungs fólks um sjálfbæra þróun á þinginu. Umhverfisráðherra tilkynnti að hún ætlaði að stofna ungmennaráð umhverfismála og yrði tengt ráðherraembættinu með ráðgefandi hlutverk. Vesturgarður hefur stofnað til samráðsvettvangs fyrir nemendaráð skólanna vegna fyrirhugaðs barnaþings sem stefnt er að verði haldið árið 2010. Unglingar í Hagaskóla hafa haldið áfram á árinu 2009 samstarfi um geðheilbrigðisdaginn með stuðningi Vesturgarðs. Einnig samstarfi um jafningja- og fordómafræðslu.
Hvetja skóla til að virkja nemendur í ákvarðanatöku um ýmsa þætti í daglegu lífi í skólanum, t.d. í gegnum skólaráð og nemendafélag, s.s. varðandi mötuneyti, aðbúnað og ferðalög.	AÁS	Kynningarfundir fyrir skólaráð voru haldnir í öllum hverfum í feb. – mars. Þjónustumiðstöðvar halda námskeið fyrir nemendur í skólaráðum.
Efla þekkingu nemenda sem sitja í skólaráðum á skólastarfi í samstarfi við grunnskólana.	AÁS	Kynningarfundir fyrir skólaráð haldnir í öllum hverfum í feb. – mars. Þjónustumiðstöðvar halda námskeið fyrir nemendur í skólaráðum.

<b>c) Skóli án aðgreiningar og jafnræði til náms</b>		
Hefja innleiðingu á tillögum starfshóps um sérfræðiþjónustu skóla í tengslum við endurskoðun þjónustusamnings um þjónustumiðstöðvar við Velferðarsvið.	RP	Frá hausti var tekið upp nýtt verklag sem miðar að auknum og markvissum stuðningi og ráðgjöf þjónustumiðstöðva við margvísleg skólaþróunarverkefni sem unnin eru í grunnskólum. Undirbúningur er hafinn við gerð nýs þjónustusamnings á grundvelli nýrrar reglugerðar um sérfræðiþjónustu og stefnumótunar borgarinnar.
Vinna með niðurstöður könnunar á líðan nemenda á tákmalssviði Hlíðaskóla, starfshópur og stefnumörkun.	AÁS/VJ	Stefnumörkun lokið Fundur var haldinn í júní 2009 þar sem lagður var grundvöllur að vinnu skólaársins 2009 – 2010. Umbótaáætlun var kynnt í haust og verið er að vinna að innleiðingu hennar.
Hefja vinnu við að bæta aðstæður nemenda með þroskahömlun í almennum bekkjardeildum, skv. tillögum starfshóps.	AÁS	Deild í samvinnu við Brúarskóla fyrir börn með Aspergerheilkenni og mikinn félags- og hegðunarvanda stofnuð haustið 2009.
Halda áfram að framfylgja tillögum starfshóps um Reykjavík, fjölmeningarborg barna.	AÁS	Eftirfylgniþópur hittist ársfjórðungslega til að fylgja eftir tillögum starfshópsins. M.a. verið að vinna að endanlegri ákvörðun með íslenskuskólann. Starfshópur hitti fulltrúa Mennta- og menningarmálaráðuneytis.
<b>d) Gæði og fagmennska</b>		
Fara yfir umbótaáætlanir og styðja skólana að markvissri skólaþróun á grundvelli þeirra.	RP	Gert í tengslum við heildarmat á skólastarfi, er skv. áætlun.
Styðja við sjálfsmat skóla með innleiðingu nýrrar einingar í Mentor. (Framhald verkefnis sem hófst 2008).	AÁS	Búið að kynna fyrir öllum skólum og sjálfsmatsskýrslum hefur verið skilað til Menntasviðs.
Gera heildarmat á 6-8 grunnskólum.	RP	Er á áætlun, heildarmati lokið í 7 skólum.
Auka samvinnu Menntasviðs og Menntavísindasviðs HÍ um rannsóknir og skólaþróun.	HBS	Erum aðilar að rannsókn á starfsháttum í grunnskólum með MHÍ. Tvö önnur verkefni í undirbúningi.
Gera viðhorfskönnun í samstarfi við tónlistarskólana, meðal foreldra tónlistarskólanema.	HBS/LÓ	Gagnasöfnun lokið. Skýrslur gefnar út í ágúst 2009.
Halda áfram að innleiða gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 á skrifstofu Menntasviðs.	RP/IG	Í vinnslu. Haldin hafa verið sex námskeið um skjalastjórnun og skráningu í skjalakerfi. Gefnar hafa verið út verklagsreglur og leiðbeiningar um meðferð skjala. Vinna við endurskoðun skjalaflokkunarkerfis er hafin.
Koma á virkri skjalastjórnun samkvæmt staðlinum ISO 15489.	RP/ET	Í innleiðingu.
<b>e) Heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi</b>		
Þróa áfram umhverfisfræðslu, m.a. í samstarfi við Náttúruskólann.	AÁS	Þátttaka í verkefnisstjórn. Samstarf i um námskeið lokið.
Kanna hvernig skólar hafa nýtt umhverfisdagana á skólaárinu.	HBS	Spurt í september 2009.
Vinna áfram að átaki með Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar að endurgerð skólalóða sem öruggan vettvang fyrir leik og starf. (Verkefni sem hófst 2006).	AÁS	Vinna samkvæmt áætlun Unnið er við að ljúka skólalóðum, sem boðnar voru út, skv. áætlun. Frestun á öðrum verkefnum.
Styðja skóla við að setja sér umhverfisáætlun um endurnýtingu, endurvinnslu, ræstingu, orkusparnað o.fl. í samræmi við umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar 2005-2010.	JIE/JS	Er í gangi. Búið að halda m.a. fræðslufund með umsjónarmönnum þar sem áhersla var á að kynna umhverfisvænar leiðir í rekstri skóla.
<b>D. Mannauður</b>		
<b>a) Árangursríkir stjórnunarhættir</b>		
Veita ráðgjöf hvernig nýta megi niðurstöður vinnustaðagreininga og annarra kannana.	VJ	Hefur verið í framkvæmd samkvæmt áætlun.

Veita ráðgjöf við að ná markmiðum sem byggja á heildarmati á skólastarfi.	VJ	Ráðgjöf veitt skólastjórum í samræmi við umbótaáætlun.
Veita stjórnendum og öðrum sem málið varðar kennslu og ráðgjöf í notkun þjónustu-, fjármála- og upplýsingakerfa.	VJ	Hefur verið framkvæmt.
Þróa fyrirkomulag handleiðslu fyrir nýja stjórnendur (Mentora). Stofna starfshóp til að endurskoða verklag og samninga og innleiða nýjar vinnureglur.	VJ	Þróunarvinna í gangi í samvinnu við skólastjóra.
Halda áfram með stjórnendanámskeið, <i>Skólastjórinn sem leiðtogi</i> , með erlendum og innlendum leiðbeinendum (hófst 2007).	VJ	Lokið júní 2009.
Halda sértæk námskeið til þess að efla mannauðsstjórnun, m.a. í samvinnu við mannauðsskrifstofu Ráðhússins.	VJ	Framkvæmt samkvæmt áætlun.
Innleiða umsókna- og ráðningakerfið <i>VinnuUmsókn</i> .	VJ	Hefur verið innleitt í öllum grunnskólum.
<b>b). Jákvætt starfsumhverfi sem hvetur til starfsþróunar</b>		
Kynna og nýta með markvissum hætti kannanir meðal starfsfólks og starfagreiningar til að bæta starfsumhverfi.	VJ	Er í stöðugri vinnslu.
Leggja áherslu á þrjá þætti í niðurstöðum vinnustaðagreiningar; móttöku nýrra starfsmanna, starfsþróunarsamtöl og áreitni og einelti.	VJ	Er í stöðugri vinnslu.
Framkvæma starfagreiningar, m.a. meðal starfsmanna í mötuneytum.	VJ	Skýrsla tilbúin, kynningarferli framundan.
Efla mannauðsráðgjöf um málefni starfsmanna af erlendum uppruna sérstaklega í eftirfarandi þáttum: móttöku nýrra starfsmanna, starfsþróunarsamtölum og varðandi áreitni og einelti.	VJ	Vinna í samstarfi við mannauðsráðgjafa ráðhússins.
Efla þekkingu á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og vinna að framkvæmd hennar í starfsmannamálum.	VJ	Samstarf við mannréttindafulltrúa borgarinnar.
Rýna í niðurstöður vinnustaðagreininga þar sem skólar koma sérstaklega vel út og miðla á milli skóla.	VJ	Verkefni á vorönn.
<b>d) Eftirsóknarverður starfsvettvangur og jákvæð starfsímynd</b>		
Setja á fót starfshóp í samstarfi við kennarasamtök og kennaramenntunarstofnanir til að efla jákvæða ímynd kennarastarfsins.	VJ	Er í undirbúningi.
Gera könnun á móttöku nýrra kennara í grunnskólum.	HBS/VJ	Könnun í undirbúningi, verður framkvæmd á vorönn 2010 í samvinnu við fleiri svið borgarinnar.
<b>e) Hæfir starfsmenn sem njóta símenntunar í samræmi við stefnumótun</b>		
Þróa fyrirkomulag námskeiða í íslensku fyrir starfsfólk af erlendum uppruna.	VJ	Boðið hefur verið upp á viðamikil námskeið í samvinnu við önnur svið borgarinnar.
Halda áfram með átak í símenntun um upplýsinga- og tölvutækni í grunnskólum – Tölvutök (ljúka átaki sem hófst 2006).	VJ	Lokið.
Þróa <i>Upplýsingastoðir</i> – símenntunarkerfi fyrir starfsmenn grunnskólanna vegna notkunar upplýsingateknikerfa Menntasviðs.	SÖG/FK	Er komið í framkvæmd að hluta, en er í áframhaldandi þróun.
Kanna gerð símenntunaráætlana í grunnskólum.	VJ	Könnun er í undirbúningi, verður framkvæmd á vorönn 2010.
Kanna leiðir sem stuðlað geta að fjölgun sérkennara í grunnskólum.	VJ	Verkefni á bið.
Halda kynningar- og fræðslufundi fyrir starfsmenn grunnskóla.	VJ	Hefur verið framkvæmt samkvæmt áætlun (og verður endurtekið nú í haust.)
Þjóa starfstengt símenntunarnám fyrir kennara um umhverfismennt fáist styrkur frá endurmenntunarsjóði grunnskóla.	VJ	Hefur verið framkvæmt.

Bjóða starfstengt símenntunarnám fyrir kennara í einstaklingsmiðuðu námi og samvinnu nemenda fáist styrkur frá endurmenntunarsjóði grunnskóla.	VJ	Hefur verið framkvæmt.
<b>E. Skólahljómsveitir</b>		
Kynna áfram skólahljómsveitir fyrir nemendum í 2.-4. bekk, m.a. með hljóðfærakynningum á vef og í gegnum Mentor.	LÓ	Skólahljómsveitir kynntar með bæklingi sem dreift var í grunnskólunum fyrir 2.-4. bekk ásamt hljóðfærakynningum í nokkrum skólum. Þá var starfið kynnt á vef Menntasviðs og eins á heimasíðum fjölmargra grunnskóla.
Auka framboð á hljóðfærakennslu á skólatíma í samstarfi við skólastjórnendur og foreldra.	LÓ	Framboð á hljóðfærakennslu á skólatíma hefur aukist á sl. árum og unnið að því að svo verði áfram.
Efla samstarf skólahljómsveita og tónlistarskóla, t.d. með samspili og tónfræðikennslu.	LÓ	Er í þróun.
Hvetja allar skólahljómsveitir til að fara í æfingabúðir.	LÓ	Allar skólahljómsveitir fóru í æfingabúðir skólaárið 2008-9.
Efla samstarf skólahljómsveita, m.a. með sameiginlegum slagverksvinnubúðum á haustönn og með því að setja saman stórsveit (big band) á vorönn.	LÓ	Slagverksbúðir voru haldnar á haustönn 2008 og stórsveitaræfingabúðir voru í febrúar 2009.
<b>F. Námsflokkar Reykjavíkur</b>		
Auka samstarf við náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum með það að markmiði að kynna hugmyndafræði Námsflokka Reykjavíkur og leita leiða til að finna nemendur í brottfallshættu og bjóða þeim sértæk úrræði.	IA	Unnið hefur verið að samstarfi náms- og starfsráðgjafa og leitað er leiða um framboð sértækra úrræða til nemenda í brottfallshættu. Verkefnið Starfskraftur (okt. 2008 – feb. 2009) var slíkt verkefni. Nýhafið er annað slíkt verkefni, Námskraftur. Verkefninu er lokið.
Kynna þjónustu Námsflokka Reykjavíkur með fjölbreyttum hætti (farið út á meðal fólks með kynningar, heimsóknum á stofnanir og í samstarfi við þjónustumiðstöðvar).	IA	Námsflokkar Reykjavíkur taka þátt í kynningum fullorðinsfræðslumiðstöðva, auk þess að vera í samstarfi við þær. Verkefni sem stöðugt er unnið að.
Gera þarfagreiningu á því hversu margir borgarþáttar þurfi á grunnnámi að halda og hvaða námstilboð henti þeim best.	IA	Ekki fékkst leyfi hjá Hagstofu fyrir aðgangi að nauðsynlegum gögnum til að framkvæma þetta.
Vinna að því að efla þátt sjálfstyrkingar í námi og þekkingu starfsfólks á þýðingu hennar. (Tveggja ára verkefni sem hófst 2008).	IA	Unnið hefur verið að þessu með námskeiðum starfsfólks. Verkefninu er lokið.
Þróa sérkennslu og sérkennsluráðgjöf.	IA	Þetta verkefni er nokkuð á veg komið, hlé verður gert á verkefninu skólaárið 2009 – 2010. Ekki var unnið að verkefninu á seinni hluta árs 2009.
Halda áfram að aðlaga og innleiða Mentor – kerfið sem skráningarkerfi.	IA	Fyrsta áfanga innleiðingar Mentors er lokið, áfram verður unnið að aðlögun kerfisins að þörfum NR. Áfram er unnið að aukinni og fjölbreyttari notkun kennara og nemenda á Mentor.
Gera langtímasamninga milli Menntasviðs og Velferðarsviðs um samstarfsverkefni.	IA	Gerðir hafa verið samningar til eins árs í senn um átaksverkefni. Áfram er unnið að því að gerðir verði langtímasamningar.
Móta stefnu um íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna.	IA	Unnið er að mótun stefnu um íslenskukennslu fyrir sérstaka hópa fólks af erlendum uppruna. Verkefnið er skammt á veg komið.